



SKJALASTEFNA AKUREYRARBÆJAR

2020 – 2022

Orðaskýringar

Sveitarfélagið Akureyrarbær; Akureyri, Hrísey og Grímsey, svið og deildir, stofnanir, ráð og nefndir.

Skjöl; Skjöl í skjalasöfnum sveitarfélaga geta t.d. verið fundargerðabækur, fundargerðir, bréf, tölvupóstur, teikningar, skýrslur, samningar og ljósmyndir.

Tilgangur

Tilgangur skjalastefnunnar er að tryggja kerfisbundna stjórnun skjala frá því þau verða til og þar til þau eru grisjuð eða komið fyrir í varanlegri geymslu.

Með ábyrgri stefnu Akureyrarbæjar í skjalastjórn er leitast við að tryggja að öll meðferð skjala sé áreiðanleg og að skjölin séu ávallt aðgengileg og varðveitt í samræmi við lög, viðeigandi vinnureglur og staðla.

Skjalastefnan tekur mið af upplýsingastefnu Akureyrarbæjar.

Umfang

Stefnan nær til allra skjala, án tillits til uppbyggingar eða forms, sem mynduð eru innan Akureyrarbæjar eða berast til bæjarins og til allra starfsmanna.

Nánar er fjallað um umfang og vinnulag við meðferð skjala í Verklagsreglum um meðferð skjala hjá Akureyrarbæ.

Markmið

Markmið skjalastefnu Akureyrarbæjar er:

- Að tryggja að skráning, vistun og meðferð skjala sé í samræmi við lög, reglugerðir og reglur Þjóðskjalasafns Íslands.
- Að öll skjöl sem varða málefni Akureyrarbæjar, óháð formi, séu upprunaleg, áreiðanleg, heil og nýtanleg.
- Að tryggja aðgengi og öryggi skjala.
- Að grisjun skjala sé í samræmi við reglur og áætlanir þar um.
- Að auka skilvirkni og bæta upplýsingastreymi.

Leiðir að markmiðum

- Skjalavistunaráætlanir og málalyklar styrki samræmda skráningu skjala og stuðli að virkri og samþykktri grisjunaráætlun.
- Verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar séu samræmdar hjá öllum sviðum og stofnunum Akureyrarbæjar.
- Markviss kynning á skjalastjórn og lögum og reglum.

- Skjalakerfið (Onesystems) sé sérsniðið að þörfum sveitarfélagsins og þeirra skjala sem þar verða til.
- Möguleikar Þjónustugáttarinnar (frá OneSystems) séu nýttir til fulls.
- Aðgangstýringar skjala fari eftir ábyrgð og hlutverki starfsfólks.
- Ráðgjöf sé veitt til stjórnenda og annarra starfsmanna bæjarins varðandi skjalavistun og skjalakerfi, fundarkerfi, þjónustugátt og önnur kerfi sem tengjast þeim.
- Eftirlit haft með að unnið sé eftir skjalastefnu Akureyrarbæjar hjá öllum sviðum og stofnunum sveitarfélagsins og að starfsmenn Akureyrarbæjar fari eftir þeim verklagsreglum varðandi skjalastjórnun, fundarritun og meðferð skjala sem mótaðar hafa verið.

Ábyrgð

Bæjarstjóri er ábyrgur fyrir skjalavörslu Akureyrarbæjar.

Forstöðumaður upplýsinga- og þjónustudeildar er yfirmaður skjalasafns.

Skjalastjóri hefur umsjón með skjalamálum og skjalasafni sveitarfélagsins, gerð skjalavistunaráætlana, verklagsreglna og vinnuleiðbeininga fyrir skjalavörslu, umsóknum um heimildir til skjalaeyðingar og faglegum rekstri og notkun rafræna skjalastjórnunar- og upplýsingakerfis bæjarins. Hann hefur einnig eftirlit með að unnið sé eftir skjalastefnu Akureyrarbæjar.

Sviðsstjórar og framkvæmdastjórar bera ábyrgð á að skjalastefnu Akureyrarbæjar og gildandi verklagsreglum um meðferð skjala sé framfylgt, hver hjá sínu sviði / stofnun.

Forstöðumenn, skólastjórar og aðrir stjórnendur eru ábyrgir fyrir skjalavörslu síns málaflokks / sinnar stofnunar og að hún sé samkvæmt skjalastefnu Akureyrarbæjar og gildandi verklagsreglum um meðferð skjala.

Starfsmenn bera hver og einn ábyrgð á að meðferð á þeim skjölum sem þeir mynda, móttaka og varðveita til sönnunar um starfsemi sé í samræmi við settar verklagsreglur.

Lög og reglur sem gilda um meðferð skjala hjá Akureyrarbæ

- Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018
- Stjórnarsýslulög nr. 37/1993
- Upplýsingalög nr. 140/2012
- Reglur Þjóðskjalasafns Íslands, sjá nánar á: http://skjalasafn.is/reglur_um_skjalavorslu

Útgáfusaga

1. útgáfa – samþykkt í bæjarráði 7. nóvember 2013 og í bæjarstjórn 19. nóvember 2013
2. útgáfa – samþykkt í bæjarráði 21. janúar 2015 og í bæjarstjórn 17. febrúar 2015
3. útgáfa – samþykkt í bæjarráði 15. mars 2018 og í bæjarstjórn 20. mars 2018
4. útgáfa – samþykkt í bæjarráði 8. apríl 2020 og í bæjarstjórn 21. apríl 2020